

2. gr.

- 2.1. Heilbrigðisnefnd Akranessvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 auk héraðslæknis sem er formaður.
- 2.2. Svæðisnefnd Vesturlandssvæðis skal skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis, sem er formaður.

3. gr.

- 3.1. Um skipan og framkvæmd heilbrigðiseftirlits á Akranessvæði og Vesturlandssvæði fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

4. gr.

- 4.1. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 25. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. apríl 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 519 14. desember 1979 um skipan
gjaldeyris- og viðskiptamála.**

1. gr.

IV. kafli reglugerðarinnar orðist svo:

IV. KAFLI

Um gjaldeyrisviðskipti.

13. gr.

Allur erlendur gjaldeyris, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur og þjónustu, skal seldur eða honum skilað til gjaldeyrisbanka innan eðlilegs frests frá því að gjaldeyrisrinn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Í 14., 15. og 16. gr. er nánar kveðið á um sölu og skilaskyldu gjaldeyris m. a. með innlögn á innlenda gjaldeyrisreikninga.

14. gr.

Innlendum aðilum, svo og íslenskum ríkisborgurum búsettum erlendis svo og fyrirtækjum erlendis með meirihlutaáild héraðra aðila, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, er heimilt tímabundið að leggja hann inn á innlendan gjaldeyrisreikning við íslenska gjaldeyrisbanka.

Gjaldeyrisbönkum, sem veita lán vegna framleiðslu útflutningsafurða eða vegna útfluttrar þjónustu, er heimilt að áskilja, að gjaldeyris, sem inn kemur vegna útfluttra afurða eða þjónustu, greiðist inn á sérstaka bundna gjaldeyrisreikninga. Sé gjaldeyrisandvirði veðsett viðkomandi gjaldeyrisbanka eða ávísað honum með öðrum hætti, skal slíkum samningum fyrst fullnægt. Þegar því er lokið er eiganda gjaldeyrisins heimilt að leggja eftirstöðvar hans inn á reikninga skv. 1. málsgrein.

Heimilt er eigendum slíkra reikninga að ráðstafa fé af þeim til viðurkenndra greiðslna vegna viðskipta í erlendri mynt, til greiðslu á þeim kostnaði í erlendri mynt, sem starfsemi þeirra fylgir, svo sem vegna kaupa reikningseiganda á erlendri vöru og þjónustu eða með sölu til innlends gjaldeyrisbanka.

Skylt er að selja gjaldeyrisbanka þann erlenda gjaldeyri, sem innlendir aðilar fá fyrir endurgreiðslur fyrir innfluttar vörur og aðrar endurgreiðslur, ef forsenda greiðslu hefur fallið niður eða upphæð breyst af einhverjum ástæðum.

15. gr.

Útgerðarmönnum skipa, sem selja fisk eða fiskafurðir á erlendum markaði, er heimilt að draga frá söluandvirði í hlutaðeigandi ferð skyldugreiðslur til skipverja, nauðsynlegan kostnað vegna afgreiðslu og veru skipanna erlendis, svo og andvirði nauðsynja til skipsins, þar með talin veiðarfæri vegna útgerðar þess.

16. gr.

Eftirtöldum aðilum er heimilt að geyma erlendan gjaldeyri, sem þeir eiga eða eignast vegna viðskipta sinna, hjá erlendum bönkum eða erlendum viðskiptaaðilum, enda sé ekki um óeðlilegar fjárhæðir að ræða. Geta þeir ráðstafað honum þaðan til viðurkenndra greiðslna vegna viðskipta við erlenda aðila.

- a) Eigendum íslenskra flutningstækja, sem starfrækt eru að hluta eða öllu leyti erlendis. Geta þeir til viðbótar ofanskráðu ráðstafað gjaldeyrinum til samningsbundinna greiðslna til áhafna skv. kjarasamningi.
- b) Innlendum aðilum, sem reka fyrirtæki erlendis, vegna reksturs þess.
- c) Innlendum váttryggingarfélögum sem endurtryggja erlendis í erlendum gjaldeyri eða taka að sér tryggingar erlendis.
- d) Innlendum aðilum, sem fá umboðslaunatekjur frá erlendum viðskiptaaðilum.

17. gr.

Ráðstafanir fjár af reikningum skv. 14., 15. og 16. gr. eru háðar reglum á hverjum tíma um innflutning vara skv. innflutningsleyfum.

Sedlabankinn setur nánari reglur um innlenda gjaldeyrisreikninga og notkun erlendra reikninga, þ. á m. um tímalengd innstæðna og upplýsingaskyldu, sbr. 14., 15. og 16. gr. að höfðu samráði við ráðuneytið og að fengnu álit samstarfsnefndar.

18. gr.

Í samráði við Samstarfsnefnd getur gjaldeyriseftirlitið heimilað notkun viðurkenndra greiðslukorta (kreditkorta) með þeim skilyrðum, sem það telur nauðsynleg.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 63 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast gildi 1. ágúst 1985.

Viðskiptaráðuneytið, 30. apríl 1985.

Matthías Á. Mathiesen.

Pórhallur Ásgeirsson.